



Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, fimmtudagur, 5. nóvember 2020
Tilvísun: 2020020053/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um bætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum (lokauppgjör), 211. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 22. október 2020, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2010, um sanngirnisebætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 (lokauppgjör). Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa vekur athygli á því að stofan hefur áður veitt umsögn um áform um breytingu á lögum nr. 47/2010 um sanngirnisebætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, dags. 30. janúar 2020. Með neðangreindum orðum vill Barnaverndarstofa ítreka þær athugasemdir sem fram komu í fyrrnefndri umsögn stofunnar.

Styður stofan heilshugar það markmið frumvarpsins að gera kleift að ljúka bótauppgjóri vegna fatlaðs fólks sem vistað var á barnsaldri á stofnunum sem hið opinbera bar ábyrgð á. Fagnar stofan því jafnframt að með frumvarpinu sé ætlunin að gæta jafnræðis milli fólks sem vistað var á barnsaldri á Kópavogshæli annars vegar og hins vegar öðrum sambærilegum stofnunum fyrir fötluð börn.

Aftur á móti telur Barnaverndarstofa tilefni til að ítreka fyrri athugasemd sína, sem fram kom í fyrrnefndri umsögn um áform um breytingu á lögum um sanngirnisebætur. Að mati stofunnar er nauðsynlegt að sá hópur einstaklinga sem vistaður var af hálfu stjórnvalda, þ.e. barnaverndaryfirvalda, á einkaheimilum á barnsaldri, fái sömu tækifæri og aðrir einstaklingar sem vistaðir voru á barnsaldri á stofnunum á vegum hins opinbera til að tjá sig um dvöl sína á þeim heimilum sem þeim var ráðstafað á. Í greinargerð með fyrirbyggjandi frumvarpi er meðal annars finna upptalningu á þeim ýmsu stofnunum eða heimilum þar sem fötluð börn voru vistuð á árum áður. Kemur þar jafnframt fram að dæmi séu um að fötluð börn hafi einnig verið vistuð á einkaheimilum til lengri eða skemmri tíma. Liggur því ljóst fyrir að fjöldi barna var ráðstafað af stjórnvöldum í á einkaheimili, og segir sagan að það eigi jafnframt við um börn sem vistuð voru vegna fötlunar sinnar. Með vísan til þessa telur stofan mikilvægt að sá hópur barna sem vistaður var af opinberum aðila á einkaheimilum, bæði vegna fötlunar og annarra ástæðna, fái jafnframt að gera upp vistun sína á slíkum heimilum með þeim hætti að hið opinbera búi til



vettvang þar sem þau geta greint frá uppvexti sínum og aðstæðum á umræddum heimilum, líkt og einstaklingar sem vistaðir voru á barnsaldri hefur verið gert kleift.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Vápnatýllst,
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir

Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu